

Akraneskaupstaður  
B.t. Skipulags- og umhverfisnefndar  
Stillholt 16-18  
300 Akranes

27. OKT. 2016

| Akraneskaupstaður |            |              |
|-------------------|------------|--------------|
| Skjal nr.         | Mótt af.   | Mótt dags.   |
| 22                | GJÖ        | 27 OKT. 2016 |
| Ábm.              | Úrv. aðili | Málsnr. One  |
| SPH               | HS         | 1609012      |

Reykjavík, 21. október 2016.

#### Efni: Deiliskipulag Skógarhverfi 2. áfangi – Akralundur 4

Til míni hefur leitað Skarðseyri ehf., lóðarhafi að Akralundi 2 á Akranesi vegna fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulagi Skógarhverfis 2. áfangi. Samkvæmt grenndarkynningarbréfi, dags. 27. september s.l., er umbj. mínum kynnt að skipulagsnefnd hafi til skoðunar að breyta lengd byggingarreits að Akralundi 4 um 1,5 m. í átt að lóð og byggingarreit Akralundar 2. Með þessu verður lengd byggingarreitsins 34,5 m. í stað 33 m. að Akralundi 4.

Umbj. minn mótmælir þessari fyrirhugðu breytingu. Fyrir liggur deiliskipulag sem gerir ráð fyrir 8 íbúða tveggja hæða fjölbýlishúsi á lóðunum við Akralund 2, 4 og 6 og mikilvægt er að halda svipmóti og stærð húsanna eins eða mjög sambærilegu. Með því að taka eitt húsanna út og lengja byggingarreit þess er opnað fyrir að það hús verði lengra en hin fjölbýlishúsins. Breytingin leiðir af sér að svipmóti og stærð er raskað. Ekkert tilefni er til þess. Þá eru engin aðkallandi eða sérstök rök fyrir umræddri breytingu.

Janframt bendir umbj. minn á að bílastæði fyrir Akralund 2 og 4 eru sameiginleg og liggja við lóðarmörk milli byggingareitanna fyrir Akralund 2 og 4. Þegar íbúðum fyrir Akralund 2, 4 og 6 var fjöldað úr 6 í 8 var bílastæðum við lóðarmörkin jafnframt fjöldað úr 6 í 10 á hvorri lóð. Samtals eru því 20 bílastæði við lóðarmörkin. Fjölgun bílastæða felur í sér að meira rými þarf fyrir bílastæði. Með því að lengja byggingareitinn við Akralund 4 er þrengt um of að þessum bílastæðum og því rými sem bílastæðum húsanna er ætlað. Ef breyting þessi yrði samþykkt felst í því fordæmisgefandi ákvörðun fyrir Akralund 2 og 6. Kæmi þannig til þess að Akralundur 2 óskaði samsvarandi lengingar á byggingarreit væri samtals búið að taka 3 m. af rými bílastæða. Það er einfaldlega alltof mikil skerðing að mati umbj. míns.

Samþykki undirritaðs lóðarhafa að Akralundi 2 fyrir fyrirhugaðri breytingu á byggingarreit Akralundar 4 er því hafnað.

Virðingarfyllst  
f.h. Skarðseyrar ehf.

Eiríkur S. Svavarsson, hrl. LL.M.